

Fimmtudaginn 2. mars 1995.

Nr. 475/1994.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Árna Sverri Reynissyni

(Örn Clausen hrl.)

Ölvunarakstur. Manndráp af gáleysi. Svipting ökuréttar. Sakar-kostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Málinu var skotið til Hæstaréttar af hálfu ákærða og ákærvalds með stefnu 29. nóvember 1994. Áfrýjun ákærða beinist að því, að refsíákvörðun verði endurskoðuð. Krefst hann þess, að refsing verði milduð og að refsivist, ef dæmd verður, skuli höfð skilorðs-bundin. Enn fremur krefst hann þess, að tími ökuleyfissviptingar verði stytur.

Af hálfu ákærvalds var upphaflega krafist þyngingar á refsingu ákærða. Endanlegar kröfur ákærvalds eru þær, að hin áfrýjaða refsíákvörðun og ökuréttarsvipting verði staðfest.

I.

Málavöxtum er að nokkru lýst í hinum áfrýjaða dómi. Slys það, sem ákærði er sakfelldur fyrir að vera valdur að, varð um kl. 12.20 laugardaginn 23. október 1993. Í lögregluskýrslu hefur ákærði lýst atvikum svo, að hann og Birgir Rúnar Guðmundsson hafi verið við drykkju frá því deginum áður. Hafi ákærði lítið sofið um nóttina. Skömmu fyrir slysið hafi þeir farið frá heimili Birgis á Vatnsleysu-strönd í bifreið í eigu eiginkonu hins síðarnefnda. Hafi Birgir ekið henni að söluskála í Vogum, en ákærði hafi beðið í bílnum, á meðan Birgir sinnti verslunarerindum þar. Er hann kom þaðan aftur, hafi Birgir beðið ákærða að taka við akstri bifreiðarinnar. Hafi hann orðið við því. Fram er komið, að ákærði hefur aldrei öðlast réttindi til að aka bifreið.

Kveðst ákærði síðan hafa ekið frá Vogum austur Vatnsleysu-

strandarveg. Hafi hann einungis verið kominn skammt áleiðis, er hann missti vald á akstri bifreiðarinnar með þeim afleiðingum, að hún fór út af veginum og valt.

II.

Vitnið Sigurður Kristinsson hefur gefið skýrslu fyrir lögreglu. Kvaðst hann hafa ekið eftir Vatnsleysustrandarvegi í átt að Vogum, er bifreið sú, sem ákærði ók, kom úr gagnstæðri átt. Hafi þeirri bifreið verið ekið á miklum hraða, sem hafi leitt til þess, að vitnið hafi sjálft stöðvað sína bifreið úti í vegarkanti. Augnabliki síðar hafi hinum bílnum verið ekið gegnum rimlahlið á veginum, og í kjölfarið hafi ökumaður misst stjórn á bílnum. Hafi bíllinn farið vegkanta á milli, og í baksýnispegli sá vitnið, hvar bíllinn fór út af veginum hægra megin rétt aftan við bíl vitnisins.

Ummerki á vettvangi renna stoðum undir þessa lýsingu vitnisins. Benda þau enn fremur til þess, að bíllinn hafi stungist á endann, er hann fór út af veginum, oltið síðan og staðnæmst á hliðinni utan vegar talsvert langt frá þeim stað, er ákærði missti stjórn á bifreiðinni. Kastaðist Birgir við þetta út úr bílnum og lést samstundis. Ákærði hlaut sjálfur mikil meiðsl, þar á meðal tvíbrotið viðbein og brot á mörgum rifbeinum. Fimm ára drengur, sem í bifreiðinni var, hlaut einungis minni háttar meiðsl við atburðinn.

III.

Ákærði hefur gengist við sakargiftum. Í blóði hans fannst 1,51% alkóhóls eftir slysið. Eru brot hans réttilega heimfærð til refsí-ákvæða í ákæru. Verður refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði. Þá verður ákærði jafnframt sviptur ökuréttindum ævilangt.

Ákærða hefur ekki áður verið gert að sæta refsingu fyrir brot gegn almennum hegningarlögum nr. 19/1940. Þá hafa verið lögð fyrir Hæstarétt gögn, sem gefa vísbendingu um takmarkaðan andlegan þroska ákærða. Með hliðsjón af öllu framangreindu svo og aðdraganda að ölvunarakstri ákærða og atvikum að öðru leyti þykir mega skilorðsbinda helming refsingarinnar og láta þann hluta hennar falla niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Í yfirliti sýslumannsins í Keflavík um sakarkostnað eru reikningar

frá Rannsóknastofnun háskólans vegna krufningar á líki hins látna farþega í bílnum, að fjárhæð 49.534 krónur, og frá Rannsóknastofnun í lyfjafræði vegna alkóhóls- og lyfjaleitar í blóði hans og þvagi, að fjárhæð 106.934 krónur. Ekki liggur fyrir, af hvaða sökum stofnað var til þessa kostnaðar í þágu rannsóknar málsins. Verður hann ekki talinn eðlilegur eða nauðsynlegur hluti kostnaðar við saksókn gegn ákærða, eins og hér stendur á. Verður ákærða gert að greiða allan sakarkostnað í héraði að frátöldum þessum kostnaði. Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Árni Sverrir Reynisson, sæti fangelsi í 6 mánuði. Fresta skal fullnustu 3 mánaða af refsingunni og sá hluti hennar falla niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði er sviptur ökurétti ævilangt.

Ákærði greiði allan sakarkostnað málsins í héraði að frátöldum þeim kostnaði, sem að framan greinir.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 8. nóvember 1994.

Ár 1994, þriðjudaginn 8. nóvember, er lagður svohljóðandi dómur á sakamálið nr. 568/1994: Ákærvaldið gegn Árna Sverri Reynissyni, í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari dæmir málið.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hefur ríkissaksóknari höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali, út gefnu 30. september 1994 og birtu 25. október sl., á hendur Árna Sverri Reynissyni, Haðarstíg 12, Reykjavík, kt. 021262-2559, fyrir að hafa laugardaginn 23. október 1993 ekið bifreiðinni Y-3778 undir áhrifum áfengis án tilskilinna ökuréttinda, án nægjanlegrar aðgæslu og of hratt miðað við aðstæður frá Vogum á Vatnsleysuströnd

áleiðis austur Vatnsleysustrandarveg með þeim afleiðingum, að bifreiðin hafnaði utan vegar skammt austan við Voga og valt. Við þetta kastaðist farþegi í bifreiðinni, Birgir Rúnar Guðmundsson, f. 26. október 1949, út úr henni og hlaut við það hálsbrot og blæðingu í heila, og lést hann nær samstundis af völdum áverkanna.

Telst þetta varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 36. gr., 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., í öllum tilvikum sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. og 102. gr. nefndra umferðarlaga, sbr. lög nr. 44/1993.

Ákærði hefur skýlaust gengist við sakargiftum. Ekkert bendir til annars en hann hafi aðhafst það, sem hann er sakaður um. Brot, sem ákært er fyrir, teljast því sönnuð með játningu ákærða. Hinn látni var eigandi bifreiðarinnar og hafði fengið ákærða stjórn hennar. Banamein Birgis Rúnars var hálsbrot og heilablæðing. Í blóði ákærða fannst 1,51% etýlalkóhóls eftir slysið, en 1,22% í blóði hins látna. Hinn látni hafði ekki spennt öryggisbelti. Rannsókn hefur ekki leitt í ljós, að gallar á bifreiðinni eða ástand vegarins ættu þátt í, hvernig fór. Ákærði viðbeinsbrotnaði og rifbeinsbrotnaði, hlaut mar á lungum og e. t. v. sprungu í hryggjarlið. Barn, sem var í bifreiðinni, hlaut ekki líkamlega áverka við slysið. Vitni, sem kom akandi á móti bifreið hins látna, tók það til bragðs, þegar hann sá til hennar, að leggja sínum bíl við vegarbrún vegna árekstrarhættu. Ákærði missti síðan stjórn á bílnum, er hann ók yfir rörahlið, lenti yfir á vinstri vegarhelmingi, tókst þó að komast hjá árekstri og koma bílnum yfir á réttan vegarhelming, en missti hann loks út af veginum sunnan megin.

Ákærði hefur ekki, svo að vitað sé, gerst sekur um brot, sem hafa þýðingu fyrir ákvörðun refsingar í þessu máli. Þykir nú bera að ákveða ákærða viðurlög, eins og greinir í dómsorði. Af hálfu ákærvalds er krafist saksóknarlauna. Málið hefur verið rekið samkvæmt ákvæðum 125. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, og þykja þá ekki skilyrði til að fallast á þá kröfu, en ákærða ber að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Árni Sverrir Reynisson, sæti sex mánaða fangelsi og ævilangri ökuréttarsviptingu. Þá greiði hann allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hrl., 30.000 krónur.